

Vinna í hæð • Fallvarnir



Inngangur

Fall af hærri stað er með algengari slysum sem verða við vinnu hér á landi. Fallslys af hærri stað eru alvarleg og geta valdið varanlegum skaða eða dauða. Með markvissum aðgerðum má koma í veg fyrir öll fallslys. Í bæklingnum er farið stuttlega yfir helstu forvarnir til að koma í veg fyrir fallslys úr hæð. Ítarlegri upplýsingar um fallvarnir má sækja á heimasíðu Vinnueftirlitsins: **vinnueftirlit.is**


Ef vinna á verk í hæð þarf strax við hönnun, skipulag eða undirbúning verksins að ákveða hvaða fallvarnir eigi að nota. Engin ein fallvörn er best heldur skipta aðstæður og tími sem verk tekur öllu máli. Mjög mikilvægt er að starfsfólk sem þarf að vinna í hæð fái ítarlega kennslu og þjálfun.

Áður en vinna í hæð hefst á að gera áhættumat:

- Er með skynsamlegum hætti hægt að vinna verkið af jörðu niðri?
 - Er hægt að forvinna verkið á jörðu niðri og skipuleggja það þannig að hægt sé að fækka þeim klukkustundum sem unnið er í hæð?
 - Er hægt að nota almennar forvarnir sem koma öllum á vinnusvæðinu að notum, t.d. vinnupall eða handrið?
 - Er hægt að nota tæki eða vinnuvélar sem eru sérstaklega ætlaðar til að lyfta fólki, t.d. skæralyftu eða körfukrana?
-
- Við minni verkefni sem taka stuttan tíma er hægt að nota lyftara eða krana með mannkörfu.
 - Í lítil verk sem taka stuttan tíma má e.t.v. nota stiga eða tröppur.
 - Ef ekki er hægt að koma neinu af þessu við með góðu móti er heimilt að nota fallbelti og línu.
 - Aldrei ætti að vera einn við vinnu í hæð.


Handrið og hlerar

Handrið er góð fallvörn sem nýtist öllum á vinnusvæðinu. Handrið skulu vera nægjanlega sterk og þétt til að hindra að fólk og verkfæri falli. Að jafnaði skal handrið hafa handlista sem er í a.m.k. 1 metra hæð frá gólfi og hnélista í 0,5 metra hæð frá gólfi. Ef það er hættu af fallandi hlutum skal einnig vera 0,15 metra hár fótlisti.



Í sérstökum tilfellum er nauðsynlegt að handrið séu hærra og jafnvel sterkari en venjulega t.d. handrið á verkpalli sem endar upp við hallandi þak. Ef handrið eru há getur þurft að bæta við handlistum. Í sumum tilfellum getur verið nauðsynlegt að þétta handrið með neti til að hindra að minni hlutir og efni falli.

Öll göt í gólfum, sem hættu getur verið á að menn falli niður um skulu vera umgirt handriði eða kyrfilega merktur hleri settur yfir gatið. Ef gati er lokað með hlera skal hann annað hvort negldur fastur eða vera með oka, sem skorðar hann fastan.




Röraverkpallar og timburverkpallar


Vel uppsettur vinnupallur er almenn og góð fallvörn. Vinnupallar eru hentugir þegar vinna þarf viðamikil verk. Röraverkpallar eru algengastir en einnig eru timburverkpallar mikið notaðir. Aðeins þeir sem hlotið hafa fræðslu og þjálfun mega setja upp röraverkpall eða timburverkpall, taka þá niður eða breyta þeim verulega.

Framleiðandi, söluaðili eða leigusali röraverkpalls skal láta fylgja með honum nauðsynlegar leiðbeiningar á íslensku um uppsetningu, viðhald og annað varðandi rétta notkun.

Mikilvægt er að undirstöður vinnupalla séu traustar. Ef undirstaða er ekki nægjanlega traust skal dreifa þunganum, t.d. með plönkum sem fyrirbyggja of mikið álag á gljúpan jarðveg. Röraverkpallar geta einnig verið á hjólum.



- Það eiga að vera handrið á öllum vinnuþöllum óháð hæð þeirra. Þau þurfa að vera nægjanlega sterk og þétt til að hindra að fólk og verkfæri falli af pallinum.
- Handrið á að vera á þeirri hlið sem snýr frá byggingu og gegnt innskotum.
- Fjarlægð milli veggjar og innri brúnar vinnupalls skal vera eins lítil og mögulegt er. Ef fjarlægð er meiri en 0,3 metrar skal vera handrið að innanverðu.
- Tryggja þarf örugga og greiða leið að fyrsta palli.
- Stigar á milli hæða á vinnupalli eiga að vera um lúgu, en ekki utan á pallinum.
- Mjög mikilvægt er að loka endum á vinnuþöllum.
- Óheimilt er að flytja vinnupall með menn á honum.
- Færanlegir vinnupallar skulu festir svo þeir geti ekki hreyfst af sjálfsdáðum.
- Þegar vinnupallur er ekki tilbúinn til notkunar, t.d. á meðan verið er að setja hann upp, taka niður eða breyta, skal merkja hann með almennum viðvörunarmerkjum.



Að lyfta fólki með vinnuvélum og tækjum

Lyftibúnaður sem er gerður til að lyfta fólki við vinnu skal vera CE merktur. (Mannkörfur fyrir gaffallyftara og mannkörfur sem eru hengdar í kranakrök eru ekki CE merktar en þær má eingöngu nota við minniháttar verk í stuttan tíma.) Allar vinnuvélar og mannkörfur sem eru ætlaðar til að lyfta fólki eru skráningar- og skoðunarskyld tæki hjá Vinnueftirlitinu. Vinnueftirlitið skoðar vinnuvélar og mannkörfur með tilliti til öryggis. Eigandi tækisins ber ábyrgð á því að það sé skoðað árlega. Eigandi skal fylgja leiðbeiningum framleiðanda um fyrirbyggjandi viðhald. Öll tæki sem eru notuð til að lyfta fólki skulu ávallt vera í fullkomnu lagi og hafa gilda skoðun frá Vinnueftirlitinu.



Skráningarplata á vinnuvél

Með öllum vinnuvélum og mannkörfum eiga að fylgja leiðbeiningar á íslensku um notkun og öryggi.



Á mannkörfum og vinnupöllum skulu vera ýtarlegar upplýsingar um hámarks hleðslu og fjölda manna sem mega vera í körfunum. Á vinnuvélum eiga að vera upplýsingar um lyftigetu og seilinga mörk.



Allar vinnuvélar sem eru sérstaklega gerðar til að lyfta fólki eiga að hafa neyðarslökunarbúnað sem hægt er að nota ef vélin bilar.

(Í gaffallyfturum er ekki neyðarslökunarbúnaður, þess vegna er nauðsynlegt að hafa áætlun um hvernig hægt er að ná fólki úr körfunni í neyðartilfellum.)

Vinnueftirlitið mælir með að nota taumhaldsbelti og línu við vinnu í mannkörfum og vinnulyftum. Ef það þarf að fara úr körfunni skal festa línuna við tækið eða mannvirki áður en klifrað er úr körfunni. Öll vinna sem framkvæmd er í körfunni skal unnin af gólfi hennar. Standið aldrei á handriði körfunnar til að ná hærra.

Það er mikilvægt að undirlag vinnuvéla og tækja sem eru notuð til að lyfta fólki sé slétt, lárétt og hafi nægjanlegt burðarþol. Ef undirlag er óslétt verður að nota vélar sem eru sérstaklega gerðar fyrir slíkar aðstæður.

Þegar verið er að lyfta fólki með vélum og tækjum utandyra verður alltaf að taka tillit til veðurs og aðstæðna. Það má ekki nota tækin ef vindstyrkur er meiri en það hámark sem framleiðandi gefur upp. Það á ekki að lyfta fólki með vinnuvélum í þrumuveðri, ísingu, snjókomu, slyddu eða við önnur veðurskilyrði sem geta haft áhrif á öryggi.

Til að mega stjórna flestum gerðum vinnuvéla þarf að hafa vinnuvélaréttindi. Vinnuvélastjórnendur verða að vera öruggir um að þeir hafi viðeigandi réttindi. Til að geta fengið vinnuvélaréttindi þarf að vera orðinn 17 ára og hafa bílpróf. Öll vinnuvélaréttindi gilda til sjötugs nema kranaréttindi.

Kranaréttindi í skráningarflokkum **A**, **B**, **D** og **P** þarf að endurnýja á 10 ára fresti. Til að fá og endurnýja kranaréttindi skal framvísa læknisvottorði sambærilegu og þarf fyrir aukin ökuréttindi bifreiða. Eftir sjöugt er hægt að framvísa læknisvottorði til að endurnýja vinnuvélaréttindi til þriggja ára í senn.

Framhlíð

VINNUVÉLASKÍRTEINI NR: 090827	
1. Fullt nafn Magnús Jónsson	
2. Kennitala 010165-0009	
3. Útgáfustaður Reykjavík – 6.6.2015	
4. Fyrsti útgáfudagur 6.6.1995	5. Gildir til Sjá bakhlið
6. Ökuskráteini nr. 99000123	7. Útgáfustaður ÍSLAND
Athugasemdir Dagsetningar á bakhlið tákna gildistíma, * stendur fyrir bókleg réttindi. Bókstafur réttinda samsvarar fyrsta staf í vinnuvéla- numeri. A réttindi veita þannig réttindi á vinnuvél með númerið AB-XXXX, J réttindi á JL-XXXX o.s.frv.	
Handhafi vinnuvélaskráteinis skal hafa skírteinið tiltækt þegar hann er við stjórnun vinnuvélar. Hann skal framvísa því ásamt persónuskilríkjum sé þess óskað.	

Bakhlið

VINNUVEFTIRLIT RÍKISINS		
Skírteini þetta veitir rétt til að stjórna þeim gerðum vinnuvéla sem merkt er við.		Kennslu réttindi
A Staöb. kranar. byggingagr.		
B Farandkranar > 18 tm		
C Brúkranar		
D Kranar ≤ 18 tm	6.6.2025	6.6.2025
E Gröfur > 4000 kg		
F Hjólaskóflur		
G Jaröytur		
H Vegheflar		
I Dráttarv. og minni jarövinnuv.	6.6.2035	
J Lyftarar ≤ 10 t lyftigeta	6.6.2035	6.6.2035
K Lyftarar > 10 t lyftigeta		
L Valtarar	*	
M Malbikunarvélar	*	
P Hleðslukranar ≤ 18 tm	6.6.2025	


Áður en vinnuvélastjóri notar vinnuvél í fyrsta sinn ber honum að kynna sér leiðbeiningar vélarinnar ýtarlega. Vinnuvélastjórnendur eiga að yfirfara vinnuvélar með tilliti til öryggis daglega áður en vinna hefst.


Lyftiverkpallur: Turnlyfta *Lyftigeta > 150 kg.*

Turnlyfta er vinnupallur sem keyrir á lóðréttu mastri sem fest er við mannvirki. Turnarnir geta verið einn eða fleiri og lyfturnar festar saman. Þegar lyftiverkpallar eru festir saman skal stjórnunin vera samtengd svo þeir lyfti allir samsíða. Turnlyftur eru skráningar- og skoðunarskyld tæki hjá Vinnueftirlitinu í skráningarflokki **VL**.

Uppsetning á turnlyftu skal eingöngu framkvæmd af aðila sem hefur fengið til þess sérstaka þjálfun. Uppsetningin skal vera samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Það má ekki hefja vinnu í turnlyftu fyrr en Vinnueftirlitið hefur staðfest að hún sé rétt sett upp.

- Á turnlyftu skal vera skýr merking um leyfilega byrði.
- Stjórn tæki og neyðarslökunarbrúnaður skal vera greinilega merktur.
- Turnlyftur skal nota í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
- Ekki má vera hægt að hreyfa lyftuna nema útgönguhlið sé læst.
- Hreyfingum turnlyftu má einungis vera hægt að stjórna af palli lyftunnar.
- Það á að heyrast viðvörunarhljóð þegar lyftan fer niður.





Hengiverkpallur

Hengiverkpallur er vinnupallur sem hangir í vírum á gálga sem festur er við mannvirki. Hann getur líka verið festur á braut og er þá einnig færanlegur til hliðar. Hengiverkpallar eru skráningar- og skoðunarskyld tæki hjá Vinnueftirlitinu í skráningarflokki **VP**. Uppsetning á hengiverkpalli skal eingöngu framkvæmd af aðila sem hefur fengið til þess sér-

staka þjálfun. Uppsetningin skal vera samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Það má ekki hefja vinnu í hengiverkpalli fyrr en Vinnueftirlitið hefur staðfest að hann sé rétt settur upp.

- Á hengiverkpalli skal vera skýr merking um leyfilega byrði.
- Stjórn tæki og neyðarslökunarbúnaður skulu vera greinilega merkt.
- Hengiverkpallinn skal nota í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
- Hreyfingum hengiverkpalls má einungis vera hægt að stjórna á verk pallinum sjálfum.

Lyftiverkpallur: Skæralyfta *Lyftigeta > 150 Kg.*

Skæralyftur eru sjálfkeyrandi vinnulyftur sem eru ýmist gerðar fyrir úti- eða innivinnu eða hvort tveggja. Þær geta verið gerðar fyrir slétt eða óslétt undirlag, með eða án stuðningsfóta. Það eru yfirleitt stuðningsfætur á útítækjum, bæði til að auka stöðuleika og til að rétta þær af á ósléttu undirlagi. Skæralyftur eru skráningar- og skoðunarskyld tæki hjá Vinnueftirlitinu í skráningarflokki **VL**.

- Á körfunni skal vera sýnileg merking um leyfilega byrði, fjölda manna og hámarks vindstyrk.
- Stjórn tæki og neyðarslökunarbúnaður skulu vera greinilega merkt.



- Skæralyftuna skal nota í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
- Ávallt skal gæta þess að undirlag sé traust og nota stuðningsfætur með plöttum á ósléttum jarðvegi til að dreifa þunganum.
- Ef hætta er á að fólk eða farartæki fari inn á vinnusvæði skæralyftunnar skal girða svæðið af.
- Ef skæralyfta er við vinnu á akstursleiðum skal gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir árekstur.



Lyftiverkfallur: Tínslutæki *Lyftigeta ≤ 150 Kg.*

Sjálfkeyrandi turnlyfta fyrir slétt undirlag. Tækið hentar vel í þrengslum t.d. inni í verslunum. Tækið er skráningar- og skoðunarskyldt hjá Vinnueftirlitinu í skráningarflokki **VB**.


- Á sjálfkeyrandi turnlyftu skal vera skýr merking um leyfilega byrði.
- Stjórnæki og neyðarslökunarbúnaður skulu vera greinilega merkt.
- Sjálfkeyrandi turnlyftur skal nota í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
- Það má ekki vera hægt að hreyfa lyftuna nema útgönguhlið sé læst.

Körfukrani *Lyftigeta >150 Kg.*

Körfukrani er samheiti yfir vinnulyftur þar sem karfan er á bómu. Kraninn getur verið á ökutæki, sjálfkeyrandi eða dreginn. Karfan getur farið út fyrir undirstöðuflöt kranans.

Flestir körfukranar eru með stuðningsfætur. Körfukranar eru skráningar- skyld, skoðunarskyld og réttindaskyld tæki hjá Vinnueftirlitinu í skráningarflokki **DK**.


- Á körfunni skal vera sýnileg merking um leyfilega byrði og fjölda manna sem mega vera í körfunni.
- Körfukrana skal stilla af og nota í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
- Stjórnþæki og neyðarslökunarbrúnaður skal vera greinilega merktur.
- Á ósléttum jarðvegi skal ávallt nota stuðningsfætur tækisins og setja platta undir fæturna til að dreifa þunganum.
- Ef hættu er á að fólk eða farartæki fari inn á vinnusvæði kranans skal girða svæðið af.
- Ef körfukrani er við vinnu á akstursleiðum skal gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir árekstur.



Að lyfta fólki með skotbómulyftara eða hleðslukrana með CE merktri mannkörfu

Skotbómulyftarar og hleðslukranar eru almennt ekki gerðir til að lyfta fólki en til eru slík tæki sem eru sérstaklega gerð til að festa við þau **CE** merktar mannkörfur.

CE merкта mannkarfan yfirtekur þá stjórn tæki skotbómulyftarans eða hleðslukranans og er þá aðeins hægt að stjórna vélunum úr körfunni. Tækin eru í skráningarflokkum **JF**, **KL**, **BH** og **PH**.



CE merкта mannkarfan er skráningar- og skoðunarskyld hjá Vinnueftirlitinu í skráningarflokki **VH**. Stjórnandi mannkörfunnar verður að vera með réttindi á tæki í þeim skráningarflokki sem karfan er tengd við.

- Vinnuvélina skal stilla af og nota í samræmi við leiðbeiningar fram leiðanda.
- Ávallt skal nota stuðningsfætur og dreifa þunganum með plöttum á ósléttum jarðvegi.
- Stjórntæki og neyðarslökunarbúnaður skal vera greinilega merktur.
- Ef hættu er á að fólk eða farartæki fari inn á vinnusvæði vélarinnar skal girða svæðið af.
- Ef vélin er við vinnu á akstursleiðum skal gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir árekstur.
- Það er stranglega bannað að setja mannkörfu á gaffla skotbómulyftara.

Að lyfta fólki með lyftara

Hér er fjallað um að lyfta fólki með gaffallyftara í flokki **JL** og **KG**.

Gaffallyftarar eru almennt ekki gerðir til að lyfta fólki en það má í undantekningartilfellum í stuttan tíma ef notaðar eru sérstakar mannkörfur. Körfurnar eru skráningar- og skoðunarskyldar hjá Vinnueftirlitinu í flokki **VH**.

Hámarks heildarpungi mannkörfu fyrir gaffallyftara má aldrei fara yfir 500 kíló. Karfan má mest taka 2 menn og lyftihæð ekki fara yfir 5 metra. Lyftigeta lyftarans verður ávallt að vera 4 sinnum meiri en heildarpungi körfunnar í efstu stöðu lyftarans samkvæmt lyftitöflu hans.

Karfan þarf að vera með handlista, hnjálsta og fótlista. Sú hlið sem snýr að gálganum þarf að vera a.m.k. 1,9 m há og klædd neti.



Framleiðandi:	Litlir lyftarar ehf		
Framleiðslunr.:	1412	Árg.:	2015
Hámarksbyrði:	150 kg.		
Þyngd kórflu:	200 kg.		
Heildarþyngd:	350 kg.		
Hámark:	1 maður		

- Stjórnandi lyftarans skal vera með vinnuvélaréttindi í skráningarflokki J eða K.
- Á kórfunni á að vera merking sem sýnir þyngd tómrar kórflu, leyfilega byrði, heildarþunga og fjölda manna sem mega vera í kórfunni.
- Gafflarnir skulu fara inn í vasa undir kórfunni.

- Karfan á að vera fest við gafflana með tveimur óháðum festingum.
- Ekki má nota lyftara sem er með snúningsbúnaði fyrir gafflana.
- Stjórnandi lyftarans má ekki yfirgefa hann þegar kórflu hefur verið lyft yfir 1 metra ef það er maður í kórfunni.
- Ekki má aka lyftara með fólki í kórflu yfir 1 metra hæð.
- Ef hætta er á að fólk eða farartæki fari inn á vinnusvæði lyftarans skal girða svæðið af.
- Ef lyftari með mannkórflu er við vinnu á akstursleiðum skal gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir árekstur.
- Það er stranglega bannað að setja mannkörflur sem eru gerðar fyrir gaffallyftara á skotbómulyftara.


Að hífa fólk með krana

Hér er fjallað um að lyfta fólki með krana þar sem mannskarfa er hengd í krók kranans.


Kranar eru ekki sérstaklega gerðir til að hífa fólk en það má nota krana með mannkórflu sem hangir í króknum við minniháttar verk sem tekur stuttan tíma. Kórflurnar eru skráningar- og skoðunarskyldar hjá Vinnueftirlitinu í flokki **VH**.

Ásláttarbúnaður sem festur er í krókin á að vera boltaður við kórfluna og er því hluti hennar. Óheimilt er að nota annan ásláttarbúnað. Hámarks heildarþungi mannkórflu fyrir krana má aldrei fara yfir 1000 kíló. Lyftigeta kranans í ystu stöðu verður ávallt að vera 2 sinnum meiri en heildarþungi kórfunnar samkvæmt lyftitöflu kranans. Kraninn má ekki vera búinn fríslökun.

- Stjórnandi kranans þarf að hafa viðeigandi vinnuvéla-
réttindi í réttindaflokki **A, B, D** eða **P**.
- Á körfunni á að vera merking sem sýnir, þyngd tómrar körfu,
leyfilega byrði, fjölda manna sem mega vera í körfunni og
heildarþunga.
- Undirlag kranans skal vera slétt, lárétt og hafa nægilegt
burðarþol. Nota skal stuðningsfætur.
- Sjónlína og stöðugt talsamband skal vera milli fólks
sem er í körfunni og stjórnanda kranans.
- Það má ekki lyfta fólki með krana í hengikörfu
ef vindhraði fer yfir 7 m/s.
- Ekki má aka með fólk í körfunni.
- Kraninn skal útbúinn neyðarslökun.
- Ef hættu er á að fólk eða farartæki fari inn á vinnu-
svæði kranans skal girða svæðið af.
- Ef körfukrani er við vinnu á akstursleiðum skal gera sérstakar
ráðstafanir til að koma í veg fyrir árekstur.



Mannkarfa í krana




Krani með mannkörfu girtur af

Stigar og tröppur

Færanlegir stigar og tröppur eru fallvarnarbúnaður. En það er aðeins heimilt að nota stiga þegar unnið er tímabundið verk og ekki er ástæða til að nota önnur öruggari tæki vegna líttillar áhættu. **Ávallt skal velja stiga eða tröppu sem hentar fyrir það verkefni sem á að framkvæma.**

Ganga skal þannig frá lausum stigum að ekki sé hætt á að þeir velti eða skríði til. Stigar skulu notaðir þannig að starfsmenn geti jafnan verið stöðugir og haft trygga handfestu. Einkum er nauðsynlegt að starfsmaður hafi trygga handfestu í stiga ef hann þarf að halda á einhverju.

- Færanlegir stigar og tröppur skulu hönnuð til iðnaðarnota samkvæmt staðlinum EN 131 eða sambærilegum.
- Stigar þurfa að bera a.m.k. 150 kg.
- Stigar skulu vera stöðugir og þannig settir upp að þeir geti ekki runnið til eða fallið saman við notkun.
- Mikilvægt er að halli stiga sé réttur eða u.þ.b. 75°.
- Stigi skal ná minnst 1 metra upp fyrir flöt ef hann er notaður sem aðgangsléið.
- Verk sem krefjast mikilla átaka má ekki vinna úr stiga.



Fallbelti og lína



Ef ekki er hægt að tryggja öryggi starfsmanna sem vinna í hæð með almennum fallvörnum t.d. með handriði, vinnupalli eða körfukrana er heimilt að nota fallbelti og línu. Fallbelti og lína er vandmeðfarinn búnaður sem enginn ætti að nota nema hafa fengið ýtarlega kennslu og þjálfun.

Til eru ýmsar gerðir af beltum og línur. Hér verður annars vegar fjallað um fallbelti og teygjanlegar línur og hins vegar um stuðningsbelti og taumhaldslínur.

Festipunktur

Mikilvægt er að velja traustan festipunkt fyrir línu. Festipunktur geta verið tvenns konar:

1. Festipunktur sem eru framleiddir til að festa í mannvirki. Þeir þurfa að uppfylla EN staðla.
2. Festipunktur sem eru valdir á vinnustað, t.d. stálbitar eða hlutar mannvirkja. Festipunkturinn þarf þá að vera mjög traustur og geta þolað minnst 10 KN eða 1000 kg. Þumalputtareglan segir „*Ekki nota festipunkt nema þú treystir honum til að halda uppi jeppa*”.



Tengibúnaður

Mikilvægt er að tengja línu og festipunkt saman á öruggan hátt. Það er t.d. hægt að gera með sérstökum stroffum eða stállykkjum. Tengibúnaðurinn skal uppfylla EN staðla


Stuðningsbelti og taumhaldslínur

Eiga að koma í veg fyrir að menn geti fallið, t.d. á flötum þökum eða við óvarðar plötubrúnir. Með stuðningsbeltum eru notaðar stillanlegar taumhaldslínur sem teygjast ekki. Búnaðurinn á að koma í veg fyrir að maðurinn komist nær brún en t.d. 0,5 metra. Búnaðurinn er alls ekki ætlaður til að stöðva fall. Lengd taumhaldslínu má mest vera 4 metrar.

Fallbelti og teygjanleg lína (línur með dempara)

Koma ekki í veg fyrir fall en eiga að grípa þann sem fellur svo hann slasist ekki.

- Fallbelti þarf að vera samkvæmt staðlinum EN 361.
- Teygjanleg lína þarf að vera samkvæmt staðlinum EN 355.
- Með fallbelti og línu eiga að fylgja leiðbeiningar um notkun, umhirðu og eftirlit.
- Fallbelti verður að hæfa hverjum og einum, það má alls ekki vera of stórt.
- Fallvarnarlína verður að vera hrein, laus við hnúta og misfellur. Koma skal í veg fyrir að línan snerti skarpar brúnir.
- Fallvarnarlínur eru auðkenndar með sérstökum lit, það má ekki rugla þeim saman við aðrar línur og kaðla.
- Sjónskoða á allan fallvarnarbúnað fyrir hverja notkun. Leiki minnsti vafi á að búnaðurinn sé heill skal taka hann úr umferð.



Stuðningsbelti og taumhaldslína

- Aldrei á að vera einn við vinnu í fallbelti og línu.
- Aldrei má breyta fallvarnbúnaði á annan hátt en getið er um í leiðbeiningum framleiðanda.
- Fallvarnbúnað á að skoða reglulega af viðurkenndum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
- Búnað sem reynt hefur á eða hefur orðið fyrir hnjaski má ekki nota og skal taka úr umferð.
- Fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda um þrif, skoðanir, viðhald og endingu á fallvarnbúnaði.
- Fallvarnbúnað á að geyma við stofuhita á þurrum, hreinum stað þar sem ekki nýtur sólar.



Öryggisbelti og lína

Neyðaráætlun

Ekki er heimilt að vinna í fallbelti og línu nema fyrir liggi neyðaráætlun um hvernig eigi að bregðast við ef maður hefur fallið. Ef maður hangir í belti og línu verður að vera hægt að ná honum úr búnaðinum á mjög skömmum tíma. Mikilvægt er að neyðaráætlunin sé einföld og skýr.

Vinna í hæð • Fallvarnir

Til umhugsunar

1. Er hægt að færa vinnuna niður?
2. Er undirlag vinnupallsins, tækisins eða stigans traust?
3. Er vinnupallurinn rétt uppsettur?
4. Eru handlistar, hnjálstar og fótlistar á vinnupallinum?
5. Hefur sá sem setur upp vinnupallinn þekkingu og reynslu til þess?
6. Hefur sá sem stjórnar körfukrana/spjóti vinnuvélaréttindi í skráningarflokki D?
7. Er mannskráð og með gilda skoðun frá Vinnueftirlitinu?
8. Er stigin merktur EN 131 og gerður fyrir a.m.k. 150 kg?
9. Er stigin vel festur og nær hann 1 metra upp fyrir brún?
10. Er notaður viðurkenndur, EN merktur fallvarnarbúnaður?
11. Hafa starfsmenn sem nota fallbelti og línu fengið fræðslu og þjálfun um slíkan búnað?



FRUMKVÆÐI • FORVARNIR • FAGMENNSKA